

Aðalbjörg Rós Óskarsdóttir

Subject: FW: spurning frá formanni fjárlaganefndar

From: Eiríkur Tómasson [eiriktom@hi.is]
Sent: 21.12.2009 11:42 GMT
To: Páll Þórhallsson
Cc: "Björg Thorarensen" <bjorgtho@hi.is>
Subject: RE: spurning frá formanni fjárlaganefndar

Komdu sæll.

essari spurningu get ég svarað í stuttu máli á þessa leið:

Ef íslenskir dómstólar ákveða leita ekki eftir ráðgefandi áliti frá EFTA-dómstólnum um umrætt álitaefti, þá hefur endanlegur úrskurður íslensks dómstóls ekki áhrif á höfuðstól lánanna samkvæmt lánasamningnum, t.d. til lækkunar ef kröfur Tryggingarsjóðsins verða taldar ganga framur kröfum Bretla og Hollendinga vegna sömu innstæðna.

Ef íslenskir dómstólar leita á hinn bóginn eftir ráðgefandi áliti frá EFTA-dómstólnum sem ég tel mun líklegur – sérstaklega ef einhver málsaðila, þá væntanlega Tryggingarsjóðurinn, fer fram á það með rökstuddum hætti – þá er það ljóst, að mínum dómi, að endanlegur úrskurður íslensks dómstóls hefur áhrif á höfuðstól lánanna, t.d. ef í honum felst viðurkenning á forgangi Tryggingarsjóðsins samkvæmt framansögðu, nema úrskurðurinn sé efnislega í andstöðu við álitid.

Þetta þýðir að ákveði EFTA-dómstóllinn að vísa málinu frá sér, þar sem hann telji álitaeftið ekki heyra undir sig, og endanlegur úrskurður íslensks dómstóls verður á þann veg, sem að framan greinir, þá hefur sá úrskurður áhrif til lækkunar á höfuðstól lánanna. Upphaflegt orðalag á þessum samningsákvæðum gerði ráð fyrir að úrskurður íslensks dómstóls yrði að vera í samræmi við álitid, sem hefði, að mínu áliti, þýtt að EFTA-dómstóllinn hefði þurft að taka álitaeftið til efnislegrar úrlausnar til þess að úrskurðurinn gæti haft áhrif á höfuðstól lánanna. Orðalagið „ekki í andstöðu við ráðgefandi álit sem aflað hefur verið frá EFTA-dómstólnum“ girðir fyrir þá niðurstöðu að úrskurður íslensks dómstóls geti ekki haft áhrif í þessa veru, þ.e. í því tilviki að aflað hafi verið ráðgefandi álits frá dómstólnum og hann tekið þá afstöðu, í ráðgefandi áliti sínu, að álitaeftið heyri ekki að neinu leyti undir hann, heldur undir íslenska dómstóla.

Með bestu kveðjum,
Eiríkur

From: pall.thorhallsson@for.stjr.is [mailto:pall.thorhallsson@for.stjr.is]
Sent: Monday, December 21, 2009 8:56 AM
To: Eiríkur Tómasson
Cc: gudbjarturh@althingi.is
Subject: spurning frá formanni fjárlaganefndar

Sæll Eiríkur,

formaður fjárlaganefndar bað mig að koma á framfæri eftirfarandi spurningu til þín. Hvernig ber að túlka ákvæði lánasamninga Íslands, tryggingarsjóðsins og Bretlands annars vegar og Hollands hins vegar ef ekki fæst álit frá EFTA-dómstólnum (þ.e. ef íslenskir dómstólar leita ekki eftir slíku áliti eða ef EFTA-dómstóllinn hafnar því að veita slíkt álit) um forgang innstæðna, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 96/2009? Ef þess er nokkur kostur væri gott ef svar lægi

fyrir kl. 16 í dag.

Bkv. Páll

Páll Þórhallsson, skrifstofustjóri löggjafarmála, / Head of the Legislative Department
Forsætisráðuneytinu / Office of the Prime Minister
150 Reykjavík / 150 Reykjavik
/ Iceland

www.raduneyti.is / www.government.is

pall.thorhallsson@for.stjr.is

Sími / tel. + 354 545 84 00

Fax + 354 562 40 14

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál.

Sjá nánar: <http://raduneyti.is/interpro/stjr/stjr.nsf/pages/postur>

Please note that this e-mail and attachments are intended for the named addressee only and may contain information that is confidential and privileged.

Further information: <http://raduneyti.is/interpro/stjr/stjr.nsf/pages/postur>